

## 4. verkefni – Fjallkonan - fornleifafundur á fjöllum

**Markmið:** Að nemendur kynnist frásögn af fornleifafundi og þeim upplýsingum sem minjarnar hafa að geyma.

**Færnimarkmið:** Að þjálfar lesskilning, rökhugsun og getu til að draga ályktanir, styrkja orðaforða og ritfærni.

**Markmið nemenda:** Nemendur læra um fornleifafund og geta svarað spurningum um hann.

### Lýsing á verkefninu

Árið 2004 fannst merkur fornleifafundur í fjöllum skammt frá Seyðisfirði. Verkefnið samanstendur af frásögn af fornleifafundinum og verkefnum.

### Undirbúningur og leiðbeiningar

Prenta þarf út verkefnið fyrir kennslu, samtals þrjú blöð. Nemendur lesa frásögnina af fornleifafundinum. Nemendur geta lesið frásögnina í hljóði eða skiptst á að lesa hana upphátt. Að því loknu leysa þeir verkefnið. Þeir merkja inn hvar á landinu fornleifafundurinn var, svara nokkrum spurningum um frásögnina og skrifa að lokum sögu um líf og örlög fjallkonunnar og myndskreyta. Þegar allir hafa lokið verkefninu geta nemendur lesið söguna sína hver fyrir annan.

### Lausn

Lausnarblöð fylgja verkefnum.

### Tillaga að námsmati

Sjálfsmat/jafningjamat.

Huglægt mat kennara.

### Lykilhugtök

**Brjóstnæla/ kúpt næla:** Brjóstnælur voru algengar í Skandinavíu á víkingaöld. Hér á landi hafa flestar fundist í kumlum en einnig við aðrar fornleifarannsóknir. Nælurnar eru aflangar og kúptar í laginu og skreyttar með ýmsu munstri eða skrautvirki. Þær voru bornar tvær saman, hvor sínu megin á brjóstinu eða á öxlum. Nælurnar voru yfirleitt steypar úr látúni eða bronsi.

**Kuml:** Grafir úr heiðnum sið nefnast kuml. Í þeim er yfirleitt haugfé sem lagt var í gröfina með hinum látna. Það bendir til þess að fólk trúði því að sá hann ætti sér ferð fyrir höndum eða framhaldslíf. Haugféð er af ýmsum toga. Meðal þess sem fundist hefur eru sverð, skartgripir, hnífar, önglar, hárkambar, taflmenn og ílát. Allt eru þetta hlutir sem áttu að nýtast í framhaldslífinu. Í sumum kumlum hafa fundist bein hesta og hunda. Hinn látni tók þá reiðskjótann sinn eða hundinn með í framhaldslífið.

**Minjastaður:** Hver sá staður þar sem fornleifar er að finna.

### Skjöl sem fylgja verkefninu

Fjallkonan - fornleifafundur á fjöllum (frásögn og verkefni).

Fjallkonan - fornleifafundur á fjöllum (lausn).